

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um safnaðarfundir og kirkjuskóð- 47
 anir á sunnu- og helgidögum. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 1. marz þ. á. skrifað 29. marz.
 mjer á þessa leið:

«Í þóknanlegu brjefi 30. desember f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, borið upp fyrirspurn frá biskupnum yfir Íslandi um það, hvort safnaðarfundir þeir, sem fyrirskipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880, 2. gr., eigi að teljast með þeim almennu fundum, sem bannað er í helgidagatilskipun 28. marz 1855, sbr. opið brjef 26. september 1860, að halda á sunnu- og helgidögum, og hafið þjer beiðst ummæla stjórnarráðsins bæði um þessa fyrirspurn og jafnframt um þá spurningu, hvort tjeð helgidagatilskipun sje því til fyrirstöðu, að kirkjuskóðanir fari fram á sunnudögum eptir messu.

Útaf þessu tilefni gefst yður til vitundar, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtid það, að ekki ber af hálfu yfirvaldsins, að leggja neinar tálmanir fyrir að safnaðarfundir sjeu haldnir á sunnudögum eptir messu, en aptur á móti mega kirkjuskóðanir ekki fara fram á sunnu- eða helgidögum, nema einhverjar sjerstakar ástæður sjeu til þess, og þá sömuleiðis ekki fyr en eptir messu.

Þetta vil jeg tjá yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtid það.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ýms atriði í lögum um út- 48
 flutningsgjald $\frac{1}{11}$ 8l. — Dómsmálastjórnin hefir sent hingað brjef það, sem fylgir hjermeð í eptirriti, frá nokkrum mönnum sem búsettir eru á Færeyjum til Barentzens kapteins og þjóðþingismanns, og kvarta þeir þar yfir því, að ýmsar ákvarðanir í 2. apríl.
 lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. sjeu óþægilegar fyrir fiskiveiðar þeirra við Ísland. Sjer í lagi álíta þeir að ákvörðunin í 1. gr., um að skipaskjölin skuli látin til geymslu hjá lögreglustjóra, sje svo óheppileg, að ástæða sje til að breyta henni á þann hátt, að leyfilegt sje, að skjölin verði afhent hreppstjóra, og sömuleiðis þykjast þeir eiga á hættu, að ákvörðunin í 4. gr., um að lögreglustjóri skuli rannsaka farm skipsins, ef hann hefir grun um, að skýrsla skipstjóra til útflutningsgjalds sje röng, geti orðið til þess, að fiskimenn verði ónáðaðir um of.

Að því er snertir hið fyrra umkvörtunaratriði, verður ráðgjafinn reyndar að játa, að það gæti verið til óþæginda, ef þess væri krafizt að skipaskjölin skyldi ætíð láta til geymslu hjá lögreglustjóra sjálfum, en hann verður að álíta að þess þurfi eigi, en að nægileg heimild sje til þess eptir gildandi lögum (sbr. Opið brjef um verzlun og siglingar á Íslandi 28. desbr. 1836, 9. gr.), að eins megi láta skipaskjölin til geymslu hjá löggiltum umboðsmanni sýslumanns eins og hjá honum sjálfum, og skal jeg því þjónustusamlegast biðja yður, herra landshöfðingi, að gjöra ráðstafanir þær, sem þörf er á, til þess að slík skipun komizt á, og sjá um, að jafnframt verði lagt fyrir alla þá, sem lögreglustjórn hafa á hendi (sýslumenn og umboðsmenn þeirra), að gefa skipstjórum þeim, er þess æskja, vottorð um, að skipaskjölin sjeu geymd hjá þeim, til þess að vottorð það geti, ef þörf gjörist, notast sem heimildarskjal fyrir skipið.

Að því er aptur á móti snertir hið annað umkvörtunaratriði, þá álítur ráðgjafinn, að eigi beri að taka það til greina, og það því síður sem ætla má að optast nær megi á þann hátt, sem bent er á í kæruskjalinu¹, komast svo nærri um hvort skýrsla skipstjóra sje rjett, að eigi þurfi að baka fiskimönnum þau óþægindi, sem uppskipun farmsins mundi hafa í för með sjer.

Að endingu skal þess getið, að dómsmálastjórninni hefir verið skrifað það sem þurfti samkvæmt þessu.

1) Þar er gefið það ráð, að heimtað verði af skipinu þegar það kemur næsta ár skýrsla frá viðtakanda um hvað miklum fiski hafi verið skipað upp úr því, eða að skipshöfnin sje yfirheyrð og skoðuð skjöl skipsins, þar sem skrifað er hvað mikið veiðist hvern dag.